

til að dreifa, að fresta verði úrskurði, t. d. vegna vantandi upplýsinga, vegna veikinda eða annríkis eða af öðrum gildum ástæðum, sýnast nefndarmenn geta bakað sér ábyrgð fyrir vanrækslu í starfi sínu, sbr. XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Umrætt lagaákvæði hefur því gagnlegan tilgang, þótt ekki verði í það lagður sá skilningur, sem stefndi heldur fram, að úrskurðir, sem kveðnir eru upp eftir lok frestsins, séu af þeim sökum einum, markleysa. Virðist þessi skilningur stefnda næsta fráleitur og með öllu andstæður hlutarins eðli. Sýnu fráleitari er þessi röksemd stefnda, ef telja má upplýst, að orsök dráttarins sé annríki nefndarinnar. Leiðir af þessu, að sýknukröfu stefnda verður ekki sinnt.

Varakrafa stefnda og þrautavarakrafa virðast ekki hafa við rök að styðjast, en vextir verða hins vegar, venju samkvæmt, eigi til-dæmdir hærri en fimm af hundraði.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda máls-kostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 287.00.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Erlendur Björnsson bæjarstjóri, f. h. Seyðisfjarðar-kaupstaðar, greiði stefnanda, Hallgrími Fr. Hallgrímssyni, f. h. h/f Shell á Íslandi, kr. 650.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 26. september 1946 til greiðsludags og kr. 287.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. marz 1948.

Nr. 45/1947. **Réttvísín** (Hrl. Eggert Claessen)

gegn

Einari Bjarna Þórarinssyni,

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

Lárusi Guðmundssyni (Hrl. Sigurður Ólason)

og

Hauki Þorsteinssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Ávísanaeyðublöð þau, er ákærðu Einar Bjarni og Lárus tóku úr vörzlu Árna Björnssonar, höfðu þá eigi verið fyllt út að öðru leyti en því, að á flest þeirra hafði verið stimpl-

að: „pr. pr. verzlunarfélagið Borg h/f“. Þessi verknaður ákærðu út af fyrir sig þykir því eigi varða við ákvæði 26. kafla laga nr. 19/1940.

Með fölsun og notkun þeirra fjögurra tékkávisana, er í héraðsdómi greinir, hefur ákærði Einar Bjarni brotið gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði Lárus brotið gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna með þátttöku sinni í fölsun og ráðstöfun þriggja ávisana, að fjárhæð kr. 1500.00, kr. 2000.00 og kr. 3700.00. Ávisanaeyðublað það, er ákærði Einar Bjarni notaði til fölsunar ávisunar, að fjárhæð kr. 2400.00, sem í héraðsdómi greinir, var eitt þeirra eyðublaða, sem þeir Einar Bjarni og Lárus höfðu í sameiningu tekið frá Árna Björnssyni í því skyni að nota þau til falsana. Er ákærði Lárus því einnig sekur um hlutdeild í fölsun og notkun þessarar ávisunar, er varðar hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. hegningarlaganna.

Með úrskurði hæstaréttar 9. f. m. var ákveðið að leita álits lækna ráðs um sakhæfi ákærða Lárusar, en í héraði var um þetta efni lögð fram skýrsla Helga yfirlæknis Tómassonar, sem rakin er í hinum áfrýjaða dómi. Lækna ráð kveðst ekkert finna í skjölum málsins, er hnekki niðurstöðu yfirlæknisins, en hann telur, að refsing sé sennilega þýðingarlausa, að því er ákærða varðar, enda sé hann andlega vanþroska einfeldningur, þó eigi sé hann geðveikur. Hins vegar treystir lækna ráð sér ekki til að taka afstöðu til þess, hvert gildi refsing kunni að hafa fyrir sakborninginn, honum til siðferðisbetrunar. Þegar athugaðir eru framburðir ákærða fyrir dómi og þau gögn, sem fyrir liggja um störf hans og æviferil, þykir þó eftir atvikum mega ætla, að refsing á hendur ákærða geti borið árangur. Ber því að dæma honum refsingu, sem er hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. En eftir öllum málavöxtum ákveðst, að refsingin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt VI. kafla hegningarlaganna, og sé reynslutími ákærða 5 ár frá uppsögu dóms þessa. Er rannsókn málsins fór fram í héraði, var ákærði hafður í gæzlu-

varðhaldi frá 26. október til 1. nóvember 1946. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhaldsvist þessi skuli með fullri dagatölu dregin frá refsingu ákærða, ef hún kemur til framkvæmda.

Rétt er að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Hauks, þó svo, að reynslutími hans sé 5 ár frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og málskostnað ber að staðfesta.

Hver hinna ákærðu greiði verjanda sínum fyrir hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 600.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1000.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

D ó m s o r ð :

Ákærði Einar Bjarni Þórarinsson sæti fangelsi 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans skal koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði Lárus Guðmundsson sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði Haukur Þorsteinsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Fullnustu refsinga ákærðu Lárusar og Hauks skal fresta, og niður skulu þær falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Komi refsing ákærða Lárusar til framkvæmda, skal frá henni dreginn gæzluvarðhaldstími hans.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Hver hinna ákærðu greiði verjanda sínum í hæstarétti þessi málsvarnarlaun: Ákærði Einar Bjarni Þórarinsson hæstaréttarlögmanni Einari B. Guðmundssyni kr. 600.00, ákærði Lárus Guðmundsson hæstaréttarlögmanni Sigurði Ólasyni kr. 600.00 og ákærði Haukur Þorsteinsson hæstaréttarlögmanni Sveinbirni Jónssyni kr. 600.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin laun sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Eggerts Claessens, kr. 1000.00 greiði allir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. desember 1946.

Ár 1946, mánudaginn 2. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, settum sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3589—3591: Réttvisin gegn Einari Bjarna Þórarinssyni, Lárusi Guðmundssyni og Hauki Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms hinn 25. nóvember sama ár.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Einari Bjarna Þórarinssyni sjómanni, húsnæðislausum, en teljandi sig til lögheimilis hér í bæ og Lárusi Guðmundssyni kyndara, Baugsvegi 7, fyrir brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og gegn Hauki Þorsteinssyni vélvirkjanema, Hverfisgötu 62 fyrir brot gegn XVII. kafla sömu laga.

Ákærði Einar Bjarni er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. desember 1922 að Kollsvík í Rauðasandshreppi. Hinn 20. desember 1941 var hann sektaður um kr. 100.00 fyrir ólöglegan tóbaksinnflutning, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Lárus er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. ágúst 1919 að Kljá í Helgafellsveit. Hinn 6. nóvember 1940 sætti hann áminningu fyrir brot gegn umferðarreglum, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Haukur er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. desember 1921. Hinn 12. apríl 1935 var hann kærður fyrir reiðhjólspjófnæð og var það mál afgreitt til barnaverndarnefndar. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Á síðastliðnu sumri var ákærði Einar Bjarni á vélbátnum Haraldur frá Akranesi, en kom hingað til bæjarins af bátnum 11. eða 12. september s. l. Sökum þess, að hann var þá húsnæðislaus, fékk hann leigt herbergi á hótél Winston og þar bjó hann í viku. Samtímis honum var gestur í gistihúsinu Árni Björnsson verzlunarstjóri í Borgarnesi. Dvaldi hann í gistihúsinu frá 13. til 19. september s. l. Ákærði Lárus er kyndari gistihússins.

Meðan Árni dvaldi í gistihúsinu, neytti hann áfengis úr hófi fram og ákærði Einar Bjarni með honum. Voru þeir að sögn ákærða Einars Bjarna saman í drykkjuskap í þrjá daga, ýmist í herbergi Árna eða ákærða. Ákærði Lárus komst í kynni við þá og neytti áfengis með þeim. Eitt sinn, er þeir voru allir saman að

kvöldi til, kom í ljós, að Árni hafði týnt veski sinu, en við leit fannst það í ferðatöskunni Árna í herbergi hans. Í ferðatöskunni geymdi Árni tvö tékkhefti, annað á Sparisjóði Mýrasýslu, en hitt á Útvegsbanka Íslands h/f, og hafði hann stimplað sum eyðublöðin „pr. pr. verzlunarfélagið Borg h/f“, en hann er forstjóri þess fyrir-tækis. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið vanur að stimpla tékkeyðublöðin þannig fyrirfram, allmörg í einu.

Ákærði Einar Bjarni heldur því fram, að þegar veski Árna fannst í ferðatöskunni, hafi bæði hann og ákærði Lárus verið að leita þess þar og þá báðir séð tékkheftin. Hins vegar heldur ákærði Lárus því fram, að ákærði Einar hafi séð heftin í þetta sinn og síðan sagt sér frá því og að þau væru stimpluð, eins og áður er lýst og að unnt væri að taka peninga út á „þetta“, og hafi hann viljað fá sig til þátttöku í þessu með sér. Kveðst ákærði Lárus hafa látið leiðast til þessa. Ákærði Einar Bjarni heldur því fram, að eftir að þeir hafi séð tékkheftin í töskunni, hafi þeir rætt um sín á milli að taka úr þeim eyðublöð, en þó eigi bundið það fastmælum.

Ákærði Einar Bjarni og Lárus eru sammála um, að daginn eftir að veskið fannst í töskunni, hafi þeir báðir farið saman inn í herbergi Árna og tekið þar í heimildarleysi nokkur eyðublöð úr tékkheftum hans. Ákærði Einar Bjarni reif eyðublöðin úr tékkheftunum og stakk á sig, en ákærði Lárus stóð hjá og hafði einnig hönd a. m. k. á öðru heftinu.

Ákærði Lárus heldur því fram, að Árni hafi eigi verið í herberginu, þegar þetta gerðist, en ákærði Einar Bjarni heldur því hins vegar fram, að Árni hafi þá legið dauðadrukinn í rúminu. Hann hafi þó vaknað, þegar ákærðu voru komnir inn til hans og leyft þeim að drekka úr flösku, sem var inni hjá honum, og síðan beðið þá að finna fyrir sig sokka. Hafi ákærðu þá farið í ferðatöskuna og fundið þar sokkana, en jafnframt tekið eyðublöðin. Minnir hann, að þeir tækju tvö eyðublöð úr öðru heftinu, en sex úr hinu. Þegar hinar fólguðu tékkávisanir, sem mál þetta er af risið, tóku að koma fram í Sparisjóði Mýrasýslu, athugaði Árni tékkheftin og kom þá í ljós, að tvö eyðublöð voru horfin úr heftinu á bankann, en fimm úr hinu. Af þessum fimm eyðublöðum, sem Árni saknaði úr hinu siðarnefnda hefti, hefur eitt komið fram, sem Árni hafði notað sjálfur, án þess að hann myndi það, og hafa því eigi horfið úr því hefti af völdum ákærðu, nema í mesta lagi fjögur eyðublöð. Fjögur þeirra tékkeyðublaða, sem ákærðu tóku, eru komin fram í máli þessu með fólguðum nöfnum. Hin eyðublöðin, sem þeir tóku, segja þeir ákærða Einar Bjarna hafa eyðilaggt. Um skýrslur ákærðu um fólguðu tékkanna skal þess getið, að skýrslur ákærða Einars Bjarna eru að mun skýrari og fyllri, enda virðist hann hafa haft alla forgöngu í broti þeirra. Er ákærði Lárus, eins og síðar mun nánar rakið, mjög andlega miður sín

og mun lítið skynbragð hafa borið á skjöl þau, er þeir félagar höfðu handa á milli eða þýðingu þeirra.

Ákærði Einar Bjarni skýrir svo frá, að fyrsti tékkinn, sem þeir fölsuðu, sé rskj. nr. 1 í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem kr. 1500.00 er ávisað á hlaupareikning nr. 90 í Sparisjóði Mýrasýslu. Er viðurkennt og óumdeilt að ákærði Einar Bjarni hafi í samráði við ákærða Lárus ritað í heimildarleysi nafn útgefanda og framseljanda á tékkann. Sem útgefanda ritaði hann nafn Árna Björnssonar, en nafnið Hlifar Guðmundsson sem framseljanda. Í tékkanum er Hlifar ávisað upphæð tékkans. Nafn þetta á ekki við neinn sérstakan mann. Kveðst ákærði Lárus hafa stungið upp á að rita nafnið Ívar á blaðið, en ákærða Einar Bjarna heyrðist hann segja Hlifar og ritaði því það nafn á tékkann. Ákærði Einar Bjarni telur sig hafa selt tékka þennan í Áfengisverzlun ríkisins og að þeir hafi neytt sameiginlega þess áfengis, er hann keypti fyrir hann, og hann minnir, að hann hafi látið ákærða Lárus fá kr. 300.00 af fé því, er hann fékk fyrir tékkann. Ákærði Lárus neitar að hafa fengið neina peninga fyrir þennan tékka, og hefur ekki náðst samræmi um þetta, og vitni eru engin um þetta atriði. Næst falsaði ákærði Einar Bjarni, að ákærða Lárusi viðstöddum og vitandi, tékkann, rskj. nr. 4 í lögreglurétti Reykjavíkur. Ritaði hann nafn Árna Björnssonar sem útgefanda, og er Jóhanni Magnússyni ávisað kr. 2000.00 af hlaupareikningi nr. 90 í Sparisjóði Mýrasýslu. Nafnið Jóhann Magnússon hafði ákærði Einar Bjarni séð á stofnum í tékkhefti Árna og notaði þess vegna þetta nafn á tékkann. Ákærði Lárus fór síðan með tékka þennan í vinsöluna á Hverfisgötu 108 og fór þess á leit, að tékkinn yrði keyptur þar. Vantaði þá á hann framsalið, og sagði afgreiðslumaðurinn ákærða Lárusi það. Ákærði Lárus ritaði þá aftan á tékkann orðin Björn Guðm., sem átti að vera Björn Guðmundsson. Afgreiðslumaðurinn sagði þessa áritun ekki vera fullnægjandi. Ákærði Lárus fór þá með tékkann til ákærða Einars Bjarna, sem beið úti fyrir búðinni, og viskaði hann út það, sem ákærði Lárus hafði ritað á tékkann og ritaði í staðinn nafn Jóhanns Magnússonar. Ákærði Lárus fór þá aftur með tékkann í vínbúðina og fékk þá greiddar kr. 2000.00 fyrir hann. Af peningum þessum fékk ákærði Lárus að eigin sögn kr. 750.00, en kr. 800.00 að sögn ákærða Einars Bjarna.

Ákærði Einar Bjarni skýrir svo frá, að samtímis því sem hann ritaði þennan tékka, hafi hann ritað tékkann, lögregluréttarskjal nr. 6, með sömu nöfnum og að upphæð kr. 2400.00. Er þeirri upphæð þar ávisað af hlaupareikningi nr. 90 í Útvegsbanka Íslands h/f. Ákærði Lárus hefur neitað að hafa vitað um ritun þessa tékka, og er ósannað, að svo hafi verið. Ágreiningslaust er að hann naut einskis af því, sem fyrir tékkann fékkst. Ákærði Einar Bjarni fékk annan mann, sem var ókunnugt um fölsunina, til að selja tékkann í vinsölunni á Hverfisgötu 108, og andvirði tékkans eyddi ákærði

Einar Bjarni í drykkjuskap. Upplýstist í því sambandi ólögleg sala áfengis, og var sá, er sekur reyndist, sektaður fyrir hana með sáttargerð undir rannsókn málsins.

Fjórði falsaði tékkinn, sem hér liggur fyrir, rskj. nr. 8 í lög-reglurétti Reykjavíkur, er að upphæð kr. 3700.00. Samkvæmt honum ávísar Árni Björnsson pr. pr. verzlunarfélagið Borg h/f Magnúsi Sölmundssyni nefndri upphæð af hlaupareikningi nr. 203 í Útvegsbanka Íslands h/f. Sem framseljandi er ritaður Magnús Sölmundsson. Ákærði Einar Bjarni hefur skýrt svo frá ritun þessa tékka, að hann og ákærði Lárus hafi báðir ritað hann á sunnudegi eftir hádegisð og hafi þeir þá verið timbraðir og eiginlega hálf-drukknir eftir ölvun á dansleik um nóttina. Kveðst ákærði Einar Bjarni hafa ritað töluna 3700.00, en hitt hafi ákærði Lárus ritað með hjálp sinni og kveðst ákærði Einar Bjarni hafa stafað fyrir hann orðin og sagt honum, hvernig hann ætti að skrifa. Þegar ákærði Lárus hafi ritað á tékkann, kveðst ákærði Einar hafa farið ofan í meiri hlutann af því, sem hann hafði skrifað, til þess að laga stafagerðina. Ákærði Lárus hefur haldið því fram, að hann hafi ekki ritað tékka þenna, en frásögn hans um tékkann er mjög óljós, það svo, að tæpast er unnt að fá neinn botn í hana. Tékkinn sjálfur ber það með sér, að farið hefur verið ofan í stafina og staðfestir það frásögn ákærða Einars Bjarna um ritun hans, og eftir öllum atvikum málsins þykir það eigi vafa bundið, að skýrsla ákærða Einars Bjarna um þetta sé rétt. Tékki þessi var lengi í vörzlu ákærða Einars Bjarna án þess að þeir hefðu ákveðið, hvernig honum skyldi ráðstafað, og óumdeilt er að ákærði Lárus réði engu um ráðstöfun hans og naut einskis af því, sem fyrir hann fékkst.

Hinn 22. október s. l. fór ákærði Einar Bjarni með tékka þennan til ákærða Hauks í vélaverkstæðið Stilli, þar sem ákærði Haukur vinnur, en þeir eru kunningjar. Ákærði Einar Bjarni sýndi honum þá tékkann, og kom þeim saman um að koma honum í peninga, og tók ákærði Haukur það að sér. Þeir ákváðu að reyna fyrst að koma tékkanum í peninga í vinnubúðinni á Hverfisgötu 108, en ef það tækist ekki, skyldu þeir fara með hann vestur á Vesturgötu og kaupa þar gólfteppi, sem ákærði Einar Bjarni vissi um, fyrir kr. 2000.00. Síðan ætluðu þeir að kaupa fjórar vínflöskur. Ákærði Haukur reyndi að kaupa áfengi fyrir tékkann í vinnubúðinni, en var þá tjáð, að verzlunin tæki ekki við tékkum. Þá fóru ákærðu vestur á Vesturgötu og fór ákærði Haukur þar inn í verzlun Halla Þórarins á Vesturgötu 17 og keypti þar gólfteppi fyrir kr. 2000.00, sem hann greiddi með tékkanum, og fékk kr. 1700.00 til baka. Gólfteppið fluttu ákærðu í geymslu til föður Hauks. Ákærði Bjarni lét ákærða Hauk fá kr. 600.00 af þeim peningum, sem þeir fengu til baka. Ákærði Einar Bjarni heldur því fram, að hann hafi sagt ákærða Hauk um leið og hann sýndi honum tékkann í Stilli, að

hann hefði sjálfur falsað hann. Ákærði Haukur segir ákærða Einar Bjarna hafa sagt sér þetta áður en hann keypti gólfteppið fyrir tékkann, en hann minnir, að hann segði sér þetta ekki fyrr en hann (ákærði Haukur) hafði reynt að koma tékkanum út í vinnubúðinni. Við samprófun um þetta hefur ákærði Einar Bjarni haldið því mjög eindregið fram, að hann hafi skýrt ákærða Hauk frá fölsuninni um leið og hann sýndi honum tékkann, og vildi þá ákærði Haukur eigi fullyrða, að frásögn sín um þetta atriði væri rétt. Virðast og allar líkur henda til, að skýrsla ákærða Einars Bjarna um þetta sé rétt.

Þetta brot upplýstist daginn eftir að það var framið og var verzluninni þá afhent gólfteppið og kr. 1385.00, sem ákærðu Einar Bjarni og Haukur áttu eftir af fénu. Átti sá fyrrnefndi ócyddar kr. 800.00, en sá síðarnefndi kr. 585.00. Undir rekstri málsins hefur ákærði Haukur greitt verzluninni þær kr. 315.00, sem á vantaði, að hún fengi fullar bætur.

Ákærðu Einar Bjarni og Lárus hafa cytt öllu því, er þeir fengu fyrir hina þrjá fyrrnefndu tékka. Við ritun þeirra reyndi ákærði Einar Bjarni ekki að breyta rithönd sinni. Honum var ókunnugt um reikningsnúmer Árna Björnssonar, og eru því reikningsnúmer þau, er hann ritaði á tékkana, ágizkun ein.

Með töku eyðublaðanna þykja ákærðu Einar Bjarni og Lárus hafa gerzt brotlegir við 244. gr. hegningarlaganna. Með notkun hinna fölsuðu tékka hafa allir hinir ákærðu gerzt brotlegir við 155. gr. 1. mgr. sömu laga.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða Einars Bjarna hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði. Refsing ákærða Hauks þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en ákveða þykir mega, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin. Undir rannsókn málsins rannsakaði dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir andlegt ástand ákærða Lárusar, og er álit hans á því á þá leið, að ákærði sé ekki geðveikur, en andlega vanþroska einfelldningur og að það ástand hans verði enn meira áberandi vegna magnaðrar heyrnardeyfu. Telur hann vitsmunalegan þroska svara til 9—11 ára aldurs og eigi telur hann ákærðan hneigðan til óreglu eða sviksemi. Segir síðan í álitserð yfirlæknisins, að hafi ákærði gerzt sekur um lögbrot, sé refsing sennilega þýðingarlaus. Vegna þessa verður ákærða Lárusi samkvæmt 16. gr. 1. mgr. hegningarlaganna eigi ákveðin refsing fyrir framangreind brot sín. Eigi þykir ástæða til vegna réttaröryggis að gera neinar ráðstafanir samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna gagnvart honum.

Ákærði Einar Bjarni var í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa frá 24. október til 1. nóvember s. l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhaldið skuli koma með fullri

dagatölu til frádráttar refsingu hans. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa. Vinsalan Hverfisgötu 108, sem keypti tékkana, lögregluréttarskjöl nr. 4 og 6, hefur krafizt þess, að ákærðu Einar Bjarni og Lárus verði in solidum dæmdir til að greiða sér upphæðir tékkanna, samtals kr. 4400.00, ásamt 5% ársvöxtum af kr. 2000.000 frá 17. september s. l. til greiðsludags og af kr. 2400.00 frá 20. september s. l. til greiðsludags.

Þessar kröfur hafa ákærðu Einar Bjarni og Lárus samþykkt, og verða þær teknar til greina. Skaðabótakrafa hefur eigi verið gerð í þessu máli vegna 1500 króna tékkans, rskj. nr. 1 í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Björn Jónsson kaupmaður, Vesturgötu 17, gerði þá kröfu í máli þessu, að ákærðu Einar Bjarni og Haukur yrðu in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 300.00 í skaðabætur vegna viðskipta þeirra við sig, sem áður er lýst, auk 5% ársvaxta frá 22. október s. l. til greiðsludags. Fyrir dómtöku málsins greiddi ákærði Haukur, eins og áður segir, kröfu þessa, og hefur Björn Jónsson því afturkallað kröfuna.

Ákærða Einar Bjarna ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Ákærða Lárus Guðmundsson ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00.

Ákærða Hauk Þorsteinsson ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steindórs Gunnlaugssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Allan annan sakarkostnað ber að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Einar Bjarni Þórarinsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærða Lárusi Guðmundssyni verður eigi gerð refsing fyrir framangreind brot sín.

Ákærði Haukur Þorsteinsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Gæzluvarðhald ákærða Einars Bjarna komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu Einar Bjarni Þórarinsson og Lárus Guðmundsson greiði vinsölunni Hverfisgötu 108 kr. 4400.00 ásamt 5% árs-vöxtum af kr. 2000.00 frá 17. september 1946 og af kr. 2400.00 frá 20. september 1946 til greiðsludags.

Ákærði Einar Bjarni Þórarinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Ákærði Lárus Guðmundsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00.

Ákærði Haukur Þorsteinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steindórs Gunnlaugssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. marz 1948.

Nr. 89/1947. **Kaupfélag Austfjarða**

(Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Bjarna Ö. Jónassyni

(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Skaðabætur vegna kostnaðar af vörusendingu. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1947, krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í tilboði stefnda til áfrýjanda frá 21. júní 1943 kveðst hann eiga „von á sendingu af tilbúnum skiðum frá Ameríku, og vona, að hún komi með haustinu“. Í svarbréfi áfrýjanda frá 11. júlí s. á. segist hann biðja stefnda að senda skiðin, þegar hann fái þau. Þegar þetta er virt, verður að telja, að afhendingartími varanna hafi verið svo óákveðinn, að ekki geti talizt, að um afhendingardrátt hafi verið að ræða, þótt vörurnar kæmu ekki fyrr en raun varð á. Þykir áfrýjanda